



353. Stjórnarfundur haldinn 20. maí 2010 kl:17:00

Mættir: Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Birgir Ingibergsson (BI) og Bjarney S. Snævarsdóttir (BS).

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og hún samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Engin bréf borist.

3. Send bréf.

Bréf sent á Stefán Bjarkason v/ niðurrifs á áhaldageymslu á vallarsvæðinu á Hringbraut.

4. Leikjaskóli Keflavíkur 2010.

Búið er að ráða þau Rut Sigurðardóttir og Helga Rafn Guðmundsson. Leikjaskólinn hefst 14.júní.

5. 17. júní 2010.

17. júnínefnd er búinn að halda nokkra fundi og er dagskráin tilbúin.

6. Nýja félagsheimilið að Sunnubraut.

EH sagði frá því að búið væri að gera prufu að kaffisetinu og væri það á leiðinni í pósti til staðfestingar. BI sagði frá því að fulltrúi félagsins væri ekki boðaður á fundi varðandi félagsheimilið. Ákveðið að fela framkvæmdastjóra að senda erindi á Stefán Bjarkason og fá svör við hverju þetta sæti.

7. Fundir með deildum félagsins.

Eftir er að funda með tveimur deildum taekwondo- og skotdeild. Ákveðið að reyna að funda með taekwondodeild í næstu viku og skotdeildina í júní.

8. Önnur mál.

PMK fór yfir stöðu reikninga aðalstjórnar miðað við 30. apríl 2010.

EH átti fund Júlíusi Guðmundssyni hjá Dacoda v/ uppfærslu á nýrri útgáfu á conman kerfinu. Júlíus leggur til að við bíðum fram á haustið en þá kemur enn nýrri útgáfa af kerfinu.

EH fór yfir samning sem hann undirritaði fyrir hönd félagsins við 365.

Næsti fundur 3.06. kl. 17:00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:00

Fundinn ritaði BI

